MÚLASTOFA

líf og list Jóns Múla og Jónasar Árnasona

Múlastofa er menningarverkefni á vegum Vopnafjarðarhrepps og hefur það markmið að upplýsa ferðamenn jafnt sem heimafólk um menningu og sögu héraðsins.

Þessir aðilar unnu að verkefninu:

Verkefnisstjórn f.h. Vopnafjarðarhrepps: Magnús Már Þorvaldsson

Hönnun og sýningargerð: List og Saga ehf. Sýningarhönnuður: Björn G. Björnsson
Hönnun merkis Múlastofu: Björn Þór Björnsson

Almennur sýningartexti: Anna Hinriksdóttir

Skrif um leiklist: Jón Viðar Jónsson. Skrif um djass: Vernharður Linnet

Þessi lögðu einnig til texta og upplýsingar: Björn G. Björnsson, Edda Þórarinsdóttir, Flosi Ólafsson, Ragnar Arnalds, Sveinn Einarsson og Troels Bendtsen.

Myndaöflun og upplýsingar um dagskrárefni: Ragnheiður Thorsteinsson

Sérstök ráðgjöf: Lana Kolbrún Eddudóttir, RÚV

Ljósmyndir eru aðallega úr einkasafni fjölskyldunnar, en einnig eru myndir frá Borgarskjalasafni Reykjavíkur, Leikminjasafni Íslands, Ljósmyndasafni Reykjavíkur, Þjóðleikhúsinu og Þjóðminjasafni Íslands.

Yfirlestur texta og þýðing: Bogi Arnar Finnbogason

Tæknibúnaður og vinnsla: Tryggvi Valgeirsson, Hljóðx

Prentun sýningarspjalda: Merking ehf

Smíði og uppsetning: Trausti Sigurðsson

Ljós og rafmagn: Árni Magnússon

Sérstakar þakkir fá Ragnheiður Ásta Pétursdóttir, Eyþór Gunnarsson, Oddrún Vala og Ragnheiður Gyða Jónsdætur og Ranka í Brennu.

Ríkisútvarpið leggur Múlastofu til dagskrárefni úr hljóðvarpi og sjónvarpi með sérstöku samkomulagi.

Verkefnið er styrkt af Alþingi.

Fjölskyldur Jóns Múla og Jónasar Árnasona fá kærar þakkir
fyrir að styðja dyggilega við verkefnið með munum, myndum og góðum ráðum.

1 Á TANGANUM VIÐ VOPNAFJÖRÐ

Við landnám eru taldir þrír landnámsmenn í Vopnafirði: Eyvindur vopni og Hróaldur bjólan, sem voru fóstbræður, og Lýtingur Ásbjarnarson. Nafn fjarðarins er dregið af viðurnefni Eyvindar sem nam Hofsárdal og hluta Vesturárdals austan megin og bjó hann í Syðri-Vík sem mun hafa heitið Krossavík innri. Hróaldur nam Selárdal, hluta Vesturárdals og norðurströnd fjarðarins.

Vitað er að erlendir kaupmenn sigldu til Vopnafjarðar fyrr á öldum en á einokunartímanum var Vopnafjörður einn af þremur verslunarstöðum á Austurlandi. Þegar verslun var gefin frjáls 1787 hófu ýmsir menn að versla í Vopnafirði en 1814 hafði Ørum & Wulff komið sér fyrir og rak upp frá því umsvifamikla verslun í meira en öld. 1918 var Kaupfélag Vopnfirðinga stofnað og hefur rekið verslun þar síðan og jafnframt verið helsti atvinnurekandi á staðnum.

Kaupvangur er eitt af gömlu húsunum í bænum. Það var byggt 1882 af dönskum byggingameistara, F. Bald, þeim sama og byggði Alþingishúsið. Húsið var nýtt af Ørum & Wulff. Kaupfélagið keypti húsið 1918 og nýtti það sem verslunarhús til 1959. Í húsinu var aðalverslun kaupfélagsins og íbúð kaupfélagsstjóra. Eftir að verslunin flutti úr húsinu var það nýtt fyrir 3 íbúðir og sem vörugeymsla fyrir kaupfélagið þar til um 1982. Það hefur nú verið gert upp og hýsir m.a. Múlastofu.



Frú Ragnheiður með tvær barnapíur fyrir utan Kirkjuból á Vopnafirði 1921. Jón Múli er hér nýfæddur og Valgerður, elsta barnið, með stóra slaufu í hárinu.

MÚLASTOFA
Líf og list Jóns Múla og Jónasar Árnasona



Vopnafjörður 1892. Stóra, ljósa húsið á miðri mynd er Kaupvangur. Ljósmynd: Sigfús Eymundsson. Þjóðminjasafn Íslands.



Vopnafjörður um miðja 20. öld. Ljósa húsið hægra megin við kirkjuna er Kirkjuból, heimili Árna frá Múla 1917-1924. Þar fæddust þrjú elstu börn þeirra hjóna. Dökka húsið fyrir framan Kirkjuból er búðin, þar sem Árni var verslunarstjóri.



Vopnafjörður á seinni hluta 20. aldar.Kirkjuból er vinstra megin við kirkjuna með svörtu þaki. Verslunarhúsið lengra til vinstri með mislitu þaki og Kaupvangur á bak við stórt hús með svörtu þaki. Neðri tvær myndirnar eru úr safni Gunnlaugs Gunnarssonar frá Vopnafirði.

2

FAKTORINN FRÁ MÚLA

Allegretto Agitato - Faktorspíanóið

Þegar síðasti faktorinn á Vopnafirði fékk píanóið sitt með fyrstu ferð strandferðaskipsins í ársbyrjun 1917, festist nafnið á það meðan því var slakað úr formastursbómunni niður í uppskipunarbátinn við bakborðssíðuna. Þótti körlunum þetta réttnefni og voru þó sýnu hrifnari af umbúðunum, píanókassinn rammgerður, rekinn saman úr bæstri furu, geirnegldri á samskeytum og örlaði hvergi á kvisti en stálboltar hertir að öllum hornum til öryggis. Uppskipunargenginu fannst gaman að hantéra þessa níðþungu fragt og rogast með hana á sitt pláss við skutþóftuna og sett fast með kappmelltum rópastúfum. Svo var róið í land og spekúlerað á leiðinni í adressunni. Hún var tjörguð fagurlega á skábretti forhliðarinnar: Hr. Faktor Arni fra Múlan, Kirkjuból, Tanga Vopnafirði.

Hann fylgdist hrifinn með átökum fjögurra kraftajötna sem þrömmuðu með píanó í fanginu upp stíginn frá pakkhúsbryggjunni og hugsaði með sér: Hér spásséra karlar í krapinu í takt við vopnfirska hefð, það er ekki einu sinni víst að ég gerði betur svona upp í móti. Hann var sjálfur þingeyskur jötunn að afli og rakti ættir sínar til Hrólfs sterka í Skagafirði, einkasonar Depilrössu tröllskessu eins og kunnugt er úr þjóðsögum.

Píanókvartettinn sveif léttilega upp tröpurnar og marséraði gleiðfættur inn á stofugólf, lagði byrðina frá sér varlega og þóttist ekki blása úr nös. Svo var hafist handa við að skrúfa lausar boltafestingar á kassahornunum og forhlið og þarna stóð þá Hornungur Møller í öllu sínu veldi á miðju gólfi. Og fallegur var hann hvaðan svo sem hann kom, af Seyðisfirði, úr Reykjavík eða Kaupmannahöfn, gljábónað mahóníið glitraði undir koparlampanum í miðju lofti með olíubrennarann á fullu. Ásýndin teiknuð á alla vegu með skrautflúri og bronsaðir kertastjakar yfir bassa og diskanti. Harðviðarlistar dökkbrúnir lagðir með öllum köntum og tangentar úr fílabeini og íbenholti blöstu við þegar lokinu var lyft en læsingin gulli slegin.

- Ranka mín, sagði Árni frá Múla, - þetta máttu eiga og njóttu þess vel og lengi. Síðan þakkaði hann öllum fjórum burðarkörlunum með þéttingsföstu handtaki, gaf þeim hverjum sinn túkallinn og bauð góða nótt. Lokaði útidyrunum á eftir þeim og gekk með þaninn brjóstkassa að faktorspíanóinu, sló með einum putta kontra-C og söng tóreadorann úr óperunni Carmen eftir Bizet: - Nú sjóðum við saltkjöt og baunir Ranka mín, með feitum síðubitum og digrum bringukollum, kartöflum úr Brennugarðinum og floti í pottatali útá. Jeg elsker Carmen og Carmen elsker mig, vi er forlovet Carmen og jeg - og gleymdu því ekki yndið mitt að við erum gift og höfum hjónabandið í desert. Og ungu hjónin dönsuðu pasodoble í kringum um píanóið sitt.

Úr „Þjóðsögum Jóns Múla Árnasonar" II, 1998.



Árni frá Múla nýstúdent heima á Seyðisfirði 1911.

Þeir bræður, sem hér segir frá, fæddust á Kirkjubóli á Vopnafirði, Jón Múli 31. mars 1921 og Jónas 28. maí 1923. Faðir þeirra, Árni Jónsson frá Múla, var forstjóri Hinna sameinuðu verslana á Vopnafirði 1917-1924, síðar ritstjóri, blaðamaður og alþingismaður, sat á þingi fyrir Borgaraflokk (eldri), Íhaldsflokk og Sjálfstæðisflokk. Faðir Árna, Jón Jónsson í Múla, var líka alþingismaður um árabil, sat á þingi fyrir Heimastjórnarflokk og Sambandsflokk. Móðir þeirra bræðra var Ragnheiður Jónasdóttir, húsmóðir, í Brennu við Bergstaðastræti. Systurnar voru þrjár, Valgerður, fædd 1918, og tvíburarnir Guðríður og Ragnheiður, fæddar 26. maí 1925. Fjölskyldan fluttist til Reykjavíkur 1924 og bjó þar um skeið, síðan á Seyðisfirði til ársins 1933, en eftir það var heimili þeirra í Reykjavík. Árni frá Múla var glæsilegur á velli, ritfær vel, mikill ræðumaður og góður söngmaður og hann átti auðvelt með að hrífa fólk.



Árni frá Múla aftast t.v., þá Norðmaður á ferðalagi um landið, Einar Runólfsson frá Pósti og síma og loks heimilisfólkið á Burstarfelli í Vopnafirði.



Vegabréf Árna Jónssonar gefið út 1944.



Árni frá Múla og Jónas frá Hriflu fyrir framan Hegningarhúsið á Skólavörðustíg. Þar var m.a. Bæjarþingssalur Reykjavíkur til húsa og Hæstiréttur frá stofnun 1920 til 1949, en þeir félagar elduðu oft grátt silfur saman.

MÚLASTOFA
Lit og Ljós Jóns Múla og Jónasar Árnasona

3 ÆTTARTRÉ

Ranka i Brennu kynntist Árna frá Múla þegar hann kom suður í Menntaskólann í Reykjavík. Árni hætti lögfræðinámi í Háskóla Íslands þegar faðir hans lést 1912 og fór skömmu síðar til verslunarnáms og skrifstofustarfa hjá Lois Zöllner í Hull á Englandi. Þar var hann á fjórða ár. Ranka í Brennu lauk námi í Kvennaskólanum og var síðan við afgreiðslu og verslunarstörf í Reykjavík og uppi í Borgarnesi. Sigldi síðan til Danmerkur og dvaldist þar í tvö ár. Á meðan voru þau Árni leynilega trúlofuð og skrifuðust á allan tímann.

Úr þjóðsögum Jóns Múla Árnasonar.







Svipmyndir frá samverustundum.

MÚLASTOFA
Líf og list Jóns Múla og Jónasar Árnasona

4 BRÆÐUR VAXA ÚR GRASI

Bræðurnir dvöldust ekki lengi í Vopnafirði. Þeir Kúddi (Jón) og Lóli (Jónas) fluttust til Reykjavíkur með fjölskyldu sinni þegar Jón Múli var þriggja ára og Jónas eins árs, en faðir þeirra hafði þá fengið nýtt starf í Reykjavík. Jón Múli þótti einstaklega kátt og broshýrt barn en Jónas öllu viðkvæmari. Valgerður systir þeirra minnist bræðranna á þennan hátt í æsku:

Við Jón fórum snemma að stunda þá íþrótt að stökkva yfir drullupolla, en ef Jónas var að elta okkur, þá missti hann móðinn þegar hann kom að pollinum og fór að væla. Það væri synd að segja að hann hafi verið skemmtilegt barn. ... Jón var alltaf kátur, alltaf brosandi.

Oft var gestkvæmt á æskuheimili bræðranna. Gáfu- og gleðimenn drógust að Árna frá Múla hvar sem fjölskyldan setti niður heimili og þótti ýmsum nóg um háværar gleðiveislur með miklum söng, ekki síst gat húsfreyjan orðið þreytt á svallinu.
Eftir að fjölskyldan flutti til Reykjavíkur dvöldu bræðurnir sumarlangt í sveit, tvö sumur á Vopnafirði og í Mývatnssveit og héldu alla tíð miklum tengslum við landsbyggðina, ekki síst Jónas.





Jónas þriggja ára og Jón Múli fimm ára, komnir til Reykjavíkur.



Til vinstri: Guðríður amma í Brennu með drengina í kerru við Bergstaðastrætið. Að ofan: Systkinin öll árið 1927; Jónas fæddur 1923, tvíburarnir Ragnheiður og Guðríður fæddar 1925, fyrir aftan þær er Valgerður fædd 1918 og loks Jón Múli fæddur 1921.

5 LÍFIÐ TEKUR STEFNU


Bræðurnir ólust upp við mikla tónlist. Árni frá Múla hafði fallega söngrödd og tók iðulega lagið með gestum og gangandi. Gjarnan var skeggrætt um menn og málefni og tekist á um pólitík. Má ætla að á æskuheimili þeirra bræðra hafi verið lagður grunnur að helstu hugðarefnum þeirra á lífsleiðinni – listum og stjórnmálum.

Þótt þeir bræður væru vel gáfum gæddir hafði hvorugur áhuga á skólagöngu, of margt annað togaði í þá. Þeir luku báðir prófi frá Menntaskólanum í Reykjavík, Jón Múli 1940 og Jónas 1942, en ástundunin var með allra minnsta móti. Jónas heyrði eftir Pálma Hannessyni rektor *„að leti mín og kæruleysi yfirgengi jafnvel kæruleysið og letina í nemanda sem útskrifaðist tveim árum á undan mér, Jóni Múla"*.

Jón Múli og Jónas reyndu báðir fyrir sér í Háskóla Íslands en hættu námi. Tónlistin togaði í Jón Múla og hann nam hljómfræði og trompetleik við Tónlistarskólann í Reykjavík og lærði einnig söng um tíma. Jónas hneigðist til blaðamennsku og hélt til náms í þeim fræðum í Bandaríkjunum í eitt ár. Þar fetaði hann í fótspor föður síns sem starfaði lengi sem ritstjóri og lagði stund á ritstörf.

Bræðurnir kynntust kjörum verkafólks við ýmis störf, báðir stunduðu þeir sjómennsku um tíma, Jón Múli í sex sumur á síldarbát en vann einnig almenn verkamannastörf og túlkaði fyrir breska herinn og síðar þann bandaríska.





Jón Múli og Jónas með föður sínum, Árna frá Múla, 7. apríl 1936.



Snemma beygist krókurinn. Að ofan: Jón Múli kominn í þularstofu útvarpsins í Landsímahúsinu við Austurvöll. Að neðan: Jónas ræðir við félaga sína á námsárunum í blaðamennsku í USA.





Til vinstri: Bekkjarmynd frá menntaskólaárunum. Jónas er annar frá hægri í öftustu röð. Til hægri: Boðskort frá forsetafrú Bandaríkjanna, frú Roosevelt, í móttöku 16. desember 1943 "at four o´clock".

6

JÓN MÚLI OG TÓNLISTIN

Tónlist skipaði stóran sess í lífi Jóns Múla frá unga aldri. Hann lærði hljómfræði og trompetleik við Tónlistarskólann í Reykjavík, var einn af stofnendum Lúðrasveitar verkalýðsins árið 1953 og lék á kornett með sveitinni í tvo áratugi. Hann lærði einnig söng, var í ýmsum kórum og kom fram sem einsöngvari á fjölmörgum skemmtunum.

Jón Múli var ástríðufullur djassáhugmaður og hafsjór af fróðleik um þá tónlist. Fróðleiknum miðlaði hann til þjóðarinnar í gegnum djassþætti sína hjá Ríkisútvarpinu, auk þess sem hann skrifaði greinar í blöð. Jón Múli kenndi djasssögu frá stofnun Tónlistarskóla FÍH 1980 og gaf út bókina Djass 1985.

Jón Múli er í hópi ástsælustu tónskálda þjóðarinnar og samdi ýmsa söngleiki í félagi við Jónas bróður sinn. Hann samdi fjölmörg dægurlög sem lifa með þjóðinni.







Ingibjörg Þorbergs, Sigurður Sigurðsson íþróttafréttamaður og Jón Múli músísera í ferðalagi útvarpsstarfsmanna á Þingvöllum.





Jón Múli í lúðrasveitargallanum að kynna bandið og prógrammið.

Lúðrasveit Verkalýðsins spilar fyrir Jón Múla, en hann var einn af stofnendum hennar.



Jón Múli og Jónas gleðjast á útgáfudegi hljómplötu með lögum þeirra og ljóðum árið 1987..

7

ÚTVARP REYKJAVÍK, GÓÐAN DAG...

Jón Múli starfaði hjá Ríkisútvarpinu frá 1946 til 1985. Hann hóf fyrst störf á fréttastofu, starfaði einnig á leiklistardeild, var fulltrúi á tónlistardeild og sinnti dagskrárgerð. Lengst af var hann þulur. Áheyrilegt tónfall, vandað orðfæri, beitt kímni og afburða framsagnarmáti nýttist honum einstaklega vel í starfi útvarpsþular og rödd Jóns Múla var einkenni Ríkisútvarpsins um áratuga skeið.

Jón Múli stjórnaði vikulegum þætti um djasstónlist hjá Ríkisútvarpinu nær sleitulaust í hálfa öld, frá 1945 til 1995. Hann lét af því starfi eftir launadeilu við stofnunina en aðspurður hvort hann gæti hugsað sér að stýra djassþætti á einkarekinni útvarpsstöð sagði hann:

Ég hef verið ríkisrekinn alla ævi, eins og Seðlabankinn eða sauðfjárræktin á Hesti í Borgarfirði. Ég kunni því mæta vel enda er ég hlynntur ríkisrekstri. Ég léti fyrr drepa mig en einkavæða mig því ég tel einkavæðinguna böl mannkynsins.

(Morgunblaðið, 15. janúar 1995.)

Samferðafólk Jóns Múla hjá Ríkisútvarpinu ber honum einatt vel söguna. Margrét Indriðadóttir, fyrrverandi fréttastjóri Útvarpsins, sagði að honum gengnum:

Jón Múli vann í öllum deildum útvarpsins, náði einhverskonar hástigi í alhliða útvarpsmennsku. Hann var frumkvöðull í rabbi við hlustendur í morgunútvarpi. Þetta spjall var svo eðlilegt og afslappað að fólk hélt að hann mælti þetta af munni fram. Það var galdurinn. Jón Múli var hins vegar svo finn útvarpsmaður að hann vandaði ævinlega undirbúning. ... Skyldurækni, trúmennska, samviskusemi – eru þetta hundfúlir, úreltir eiginleikar? Hvað sem því líður einkenndu þeir öll útvarpsstörf Jóns Múla.


(Morgunblaðið, 20. apríl 2002.)



Frá fyrstu árunum hjá útvarpinu.



Það er létt yfir mannskapnum á fréttastofunni: séra Emil Björnsson, Jón Múli fyrir aftan hann, Stefán Jónsson og Margrét Indriðadóttir, fréttamenn.



Útvarpsmaður með stórum staf...

Ég lagna til fyrstu starfsára minna á Ríkisútvarpinu. Jón Múli var hæstur á stéttalista sem þulur en var enn að gera lítið útvarpsverk og enskur penni varla að draga andann í návist hans. Ég, sem og svo margir aðrir, féll fyrir djassáhuganum hans í gegnum Jóa. Hann var allt í allt í útvarpi Reykjavík, smitaði þjóðina af hinum dúndrandi sving-djassi, sem Benny Goodman, Teddy Wilson og félögum, og þaðan að sjálfsögðu í mig, í gegnum Dave Brubeck. Og svo koll af kolli.

Jón var stóra fyrirmyndin. Hann var útvarpsmaðurinn, sem orðrómur stóð og gnæfði yfir. Þvílíka rödd, slíka og slíka yfirferð, þvílíka orðgnótt, slíkan tón! Þessa að þau voru öll á lífi og í fullu fjöri þegar ég steig mín fyrstu spor í útvarpi: Jón Múli, Svavar Gests, Elly Vilhjálms. Ekki dæma fyrirmyndir fyrir fæðina og grannan útvarpsmann.

Ég gleymi þeim tíma seint. Að sitja í sölunefnd útvarpsins, sem þá var niðri í kjallara, og horfa bringsúnagrant með Svavari Gests. Klukka á hann rifja upp jullilaríð árið með KK í Bandaríkjunum, þegar þeir fóru á bíó á dagjum til þess eins að hlusta á djasshljómsveitirnar sem spiluðu í hléunum á milli mynda. Svavari fannst ótrúlegt að ég skyldi hafa svona mikinn áhuga á djassi. Hann var alltaf til í að spjalla við mig. Jón var hinsvegar fjarlægari og kannski ekkert skrýtið. Ég tór flýðlega að spila djass í minum útvarpsþáttum og sennilega þótti honum það full-mikil framhleypni af stelpu sem vissi ekkert og kunni ekkert. En það stoppaði mig ekki í kaupstaði þessi skelmislegu spurning: „Hrt þó að djassþátt?"

Þótt lög Jóns Múla séu samin sem leikhústónlist fryst og fremst myndi ég senja að tónlist Jóns væri djass – af því að endurlm Jón Múli var ekkert nema djass. Og það sem hann sagði, á milli laganna í djassþátt-unum í útvarpinu, var líka djass. Þegar Jón opnaði munninn varð sving. Og þaðopp.

Leikhúsin voru ein æsasta uppspretta djasslaga í Ameríku, í þeim skilningi að þangað sóttu djassaararnir lagaefnið þau lög sem urðu í þeirra höndum „standarðar". Lög sem sungu sig sjálf: stef sem urðu fyrirhafnarlaust að fögnum, elegíum og tilbrigðum. Það er ekki hægt að skilja Broadway/leikhúsheim frá djassgeiranum í Ameríku. Lag Jóns. Við heimsum sóknarvinu, er til dæmis ekki óalgelt Strike up the band eftir bandaríska Broadway-tónskáldið George Gershwin, þar kemur líka til áfætning Hagh-Gaar Ingimarssonar, í fínasta Broadway stíl. Magni ætti stórar þátt í djass-yfirlitsgáfu aðvaldanda Jóns, eins og þeir hljómuðu í sínum upprunalegu útsetningum.

Samstarf Gershwin bræðra var fágæt. Ira samdi texta sem félla eins og flís við rass við lög George. Segjið að Jón Múli og Jónas hafi verið Gershwin bræður Íslands. Lagjónar Jóns eru í þéttingsfastu en jafnframt stríðsilausu sambandi við texta Jónasar og erfitt að greina hvar annar bróðirinn hætti og hinn tók við. Hvar Elíabjörn hætti og Tvíbjörn tók við.

Þó að amerískt djassform hafi átti hug og hjarta Jóns – og trúlega haft mikil áhrif á tónsmíðar hans – er samt eitt lag eftir hann sem ótrúm fremur kallast á við uppruna okkar Íslendinga. Það er Vikivaki, sem sér ast Ocrtam birta og melankólía. Undir niðri krnmar það sem Svíarnir myndu kalla „glogläk". Einskonar dans. Eins og Vísan frá Utanmyra, sem Jón Johansson lék á sínum tíma í samska þjóðlagadjasssínum.

Lana Kolbrún Eddudóttir
Dagskrárgerðarmaður, RÚV



Jón Múli í þularstofu. Þar var hann í essinu sínu - þetta var hans heimavöllur í áratugi.

MÚLASTOFA
Líf og list Jóns Múla og Jónasar Árnasona

DJASSTRÚBOÐ Í HÁLFA ÖLD


Jón Múli ólst upp á heimili þar sem tónlist hljómaði dag hvern þótt djass væri þar ekki á boðstólum. En þar var til mikið útvarpstæki og einhverju sinni er Jón Múli var að snúa tökkunum, þrettán ára gamall, heyrði hann undursamlegt píanóspil. Hver var að spila er enn óleyst gáta en eitt er víst; píanistinn átti ættir að rekja til Afríku og tónlistin var blússkotinn djass.

Jón varð sér fljótt úti um grammófón og fyrsta platan, sem hann keypti, var með trompetleikaranum Red Nichols. Jón hreifst svo að hann fór strax að læra á hljóðfærið hjá Albert Klahn. Eftir þetta fór Jón varla í skólann, partí eða ferðalög að hann hefði ekki með sér grammófóninn og plötubunka. Djasstrúboðið var hafið.


Í hálfa öld stundaði Jón Múli djasstrúboð í Ríkisútvarpinu og vann þeirri tónlist meira gagn en aðrir menn hérlendis. Þættir Jóns voru „íslenska djassakademían" og óteljandi þeir sem ánetjuðust tónlistinni vegna þeirra. Bók Jóns Múla „Djass," sem út kom 1985, var afrakstur vetrarlangrar þáttaraðar hans um veraldardjasssöguna í útvarpinu og kennslu í djasssögu við Tónlistarskóla FÍH um árabil. Eftir að hann hóf þá kennslu var hann gjarnan kallaður „djassprófessorinn".

Jón Múli var snjall stílisti og íslenskumaður góður. Hann skildi eðli tungunnar og þótt hann sletti aldrei sem þulur notaði hann jafnt danskar sem enskar slettur er hann kynnti djassinn og voru þær kynningar „af fínustu sort". Tungutak hans hafði mikil áhrif á þá sem á eftir komu í djasstrúboðinu, hvort sem var í töluðu máli eða rituðu.

Vernharður Linnet




Að ofan: Jón Múli kynnir lifandi djasstónlist. Til hægri: Múlinn með Louis Armstrong þegar hann kom til að leika á Íslandi 1965. Jón Múli tók þá viðtal við djasskónginn.





Jón Múli tekur á móti hljómsveitarstjóranum Benny Goodman er hann kom til Íslands á Listahátíð 1976. Með þeim eru Ingimundur Sigfússon og Geirlaug Þorvaldsdóttir.



Jón Múli undirbýr djassþátt sinn í útvarpinu.

LAGASMIÐUR „AF FÍNUSTU SORT"

Jón Múli var einn besti lagasmiður Íslands á síðustu öld, en fæst lög hans tóku mið af djassi eða klassískum söngdönsum amerískum. Lagasmíði hans var fyrst og fremst leikhústónlist. Þó hafa margir söngdansar hans ratað á skífur djassleikara og er valsinn „Vikivaki" þeirra frægastur. Rúnar Georgsson lék glæsilega á flautu er hann var hljóðritaður fyrst með hljómsveit Magnúsar Ingimarssonar og Nils-Henning Ørsted Pedersen lék valsinn tvívegis með tríói sínu á tónleikum í Háskólabíói.

Kvintett danska fiðlarans Finns Zieglers og Árna Scheving víbrófónmeistara hljóðritaði „Gettu hver hún er" 1999 en höfuðflytjendur Jóns Múla í djassmúsík eru þó Óskar Guðjónsson saxófónleikari og stjúpsonur Jóns, Eyþór Gunnarsson píanisti.

Jón Múli var fyrsti fulltrúi Íslands í Nordjazz og hann sótti fyrstu norrænu djassrannsóknaráðstefnurnar og flutti þá jafnan athyglisverða fyrirlestra um íslenska djassmúsík. Er norrænir djassfulltrúar undruðust af hverju Ísland hefði ekki orðið forustuland í norrænum djassi, hersetið af Bandaríkjamönnum, svaraði hann með þessum fleygu orðum: „The U.S. Army is not a jazzband."


Verðugri kynningarfulltrúa gátu íslenskir djassspilarar ekki kosið sér né málsnjallari og fremri djasstrúboða gat þjóðin ekki óskað sér.

Vernharður Linnet









Efst t.v.: Jón Múli hylltur á tónleikum í Háskólabíói. T.v.: Jón ásamt Óskari Guðjónssyni, sem hljóðritaði tvær plötur með lögum Jóns. Að ofan: Sverrir Garðarsson, Gunnar Ormslev, Gunnar Þórðarson og Jón Múli, góðir fulltrúar Íslands á Nordjazz-ráðstefnu í Reykjavík 1975. Neðst: Lagasmiðurinn er hugsi, píanóið þögult og trompetinn á hillunni.



JÓN MÚLI OG FJÖLSKYLDAN

Jón Múli var þríkvæntur og eignaðist fjórar dætur. Hann kvæntist Þórunni Gyðríði Scheving Thorsteinsson árið 1947. Þau eignuðust dótturina Hólmfríði 6. ágúst 1947. Þórunn og Jón Múli slitu samvistum 1950.

Jón Múli var kvæntur Guðrún Jónu Thorsteinsson frá 1954 til 1969. Þau eignuðust tvær dætur, Ragnheiði Gyðu, f. 15. janúar 1957, og Oddrúnu Völu, f.3. október 1962.

Jón Múli og Ragnheiður Ásta Péturs-dóttir gengu í hjónaband 1974. Þau eignuðust eina dóttur, Sólveigu Önnu, f. 29. maí 1975. Börn Ragnheiðar Ástu af fyrra hjónabandi eru Pétur, Eyþór og Birna Guðrún Gunnarsbörn.

Jón Múli var mikill barnakarl og ófáar eru sögurnar af ferðalögum sem hann lagði upp í með fullan bíl af börnum - sínum eigin, börnum Jónasar bróður eða nágranna-börnum.

Feðginin sóttu mig á ljósbláum Trabant. Hann hlæjandi í rykfrakka með spælum. Hún pínulítil með hvítasta hár sem sést hafði í Þingholtunum. Næstu árin flautaði Trabantinn reglulega fyrir utan húsið mitt í Miðstræti og tók mig í sund, franskar duftkartöflur á Ísborg eða líðrasveitaræfingu. Lengri ferðir voru farnar í Húsafell og Munaðarnes. Jón Múli og Lillagó skrúfuðu mig upp af spenningi yfir fjalli sem var að nálgast, perubrjóstsykri sem fengist í Botnskálanum eða bensínsölumanninum sem bráðum yrði á leið okkar.

Alda Lóa





Að ofan: Jón Múli og Ragnheiður Ásta með börnum sínum. Frá vinstri: Hólmfríður og Ragnheiður Gyða Jóns. dætur, Eyþór, Pétur og Birna Guðrún Gunnarsbörn, Sólveig Anna og Oddrún Vala Jónsdætur



Þórunn Gyðríður Scheving Thorsteinsson, fyrsta kona Jóns Múla.



Guðrún Jóna Thorsteinsson, önnur kona Jóns Múla.



Ragnheiður Ásta óskar Jóni Múla til hamingju með að vera orðinn heiðursfélagi Lúðrasveitar Verkalýðsins.

11 SVIPMYNDIR
























12 JÓNAS OG FJÖLSKYLDAN

Jónas gekk að eiga Guðrúnu Jónsdóttur (f.22.9. 1923, d.25.7. 1997. Þau eignuðust fimm börn, Jón B. (1945), Ingunni Önnu (1948), Ragnheiði (1950), Birnu Jóhönnu (1956) og Árna Múla (1959).

Jónas var mikill fjölskyldumaður og lét sér afar annt um konu sína og börn. Í kveðju til Jónasar á sjötugsafmæli hans, segir Rúnar Ármann:


Jónas Árnason er maður sem gefið hefur gaum að liljum vallarins og litt skeytt um að safna forða í hlöður. Hann hefur alla tíð gert sér grein fyrir því hvað lífið er brothætt náðargjöf og aldrei vílað fyrir sér að lifa til fulls þær stundir sem gefast. Við hlið hans hefur staðið Guðrún Jónsdóttir, kona sem hvergi hefur vikist undan að fylgja honum á erfiðri braut um einstigu lífsins, jafnframt því að gefa honum börnin fimm sem öll hafa komist vel til manns. Það er engin tilviljun að hamingjan er í huga Jónasar órjúfanlega tengd fjölskyldunni.

(Morgunblaðið, 28. maí 1993.)





Fjölskylda Jónasar. Fremst: Árni Múli, Birna Jóhanna og Guðrún Jónsdóttir og aftar Jónas, Ragnheiður, Ingunn Anna og Jón B.



Að ofan: Jón Múli með Oddrúnu Vöku í heimsókn í Reykholti um 1970. Hjá þeim standa Birna Jónasdóttir og Guðrún Jónsdóttir, en Árni Múli og Jónas sitja fyrir framan. Th.: Guðrún og Jónas á Trafalgartorgi í Lundúnum.





Þótt kýrnar á Kópareykjum tilheyri ekki heimilis fjölskyldunni, voru þær Jónasi hugleiknar.



Þeir bræður voru ekki miklir bílamenn. Jónas glímir við fólksvagninn, en Jón Múli sýnir að sjálfsögðu á mótorhjólinu Trabant.

BLAÐAMENNSKAN OG ÞJÓÐVILJINN

Jónas stundaði nám í blaðamennsku við American University í Washington og University of Minnesota í Minneapolis í Bandaríkjunum 1943-44.

Ekki fannst honum tíma sínum ýkja vel varið þar svo hann sneri heim og tók til starfa sem blaðamaður á Fálkanum.

Hann var blaðamaður á Þjóðviljanum 1946-1952 og jafnframt ritstjóri Landnemans 1947-1952.

Um „Þjóðviljaárin ógleymanlegu“ segir Jónas svo:

Róttæknin á blaðinu var grimmileg. Stórtíðindi voru í uppsiglingu með þjóðinni, stutt í Keflavíkursamninginn. Já, maður lifandi, þetta var mikill lærdómstími fyrir mig. Daglega skrifuðu í Þjóðviljann mestu stílsnillingar íslenskrar tungu, Þórbergur og Kiljan, Sverrir Kristjánsson og margir fleiri.

(Rúnar Ármann Arthúrsson

- Jónas Árnason: Viðtalsbók).


ÚTIFUNDUR verður í dag kl. 1 á Lækjargötu við Miðbæjarbarnaskólann.

Fulltrúaráð verkalýðsfélaganna í Reykjavík

ÞJÓÐVILJINN Verkamannafélagið Dagsbrún

Í DAG KL 1-2 ÆTLA BANDARÍKJALEPPARNIR Á ALÞINGI AÐ FULLKOMNA LANDRÁÐ SÍN

Í skjóli lögregluvalds og hvítliða lét ríkisstjórnin í gær beita alþingismenn ofbeldi til að framkvæma skipun Achesons


Þingmenn Sósialistaflokksins í markvissri sókn gegn leppmennsku og landráðaáformum stjórnarflokkanna

Eiga Íslendingar að taka ábyrgð á morðum hér og hvar í næstu styrjöld

Þorir ríkisstjórnin að leggja málið fyrir borgarafund í Reykjavík?

Fulltrúaráð verkalýðsfélaganna í Reykjavík, Verkamannafélagið Dagsbrún


Að ofan: Legið yfir námsefninu í Washington. Að neðan: Blaðamaður á Þjóðviljanum skreppur á skak til að kynna sér kjör alþýðunnar og skrifa um þau í blaðið.




ÞJÓÐVILJINN

LANDRÁÐIN FRAMIN Í SKJÓLI OFBELDIS OG VILLIMANNLEGRA ÁRÁSA Á FRIÐSAMA ALÞÝÐU

8—10 þúsund Reykvíkingar safnazt fyrir framan Alþingishúsið og krafizt þjóðaratkvæðis. — Svör ríkisstjórnarinnar voru ósæmilár og kyntustrúnar lögreglu og vígtóla hvítliðaliðs

Íslendingar eru óbundnir af leynisamningum 37 Bandaríkjaleppa






ÞJÓÐVILJINN

ALLIR Í KRÓFUGONGUNA!

Fyrir fullri atvinnu og dýrtíðaruppbót. Fyrir friði og frelsi Íslands!

Gerið kröfugöngu verkalýðsfél. glæsilegri en nokkru sinni fyrr

Til vinstri: Félagarnir í Washington, það rétt grillir í Hvíta húsið á milli þeirra. Til hægri: Hjalti, Jónas og Lárus í Fargo, Norður-Dakota, ásamt bandarískum vini sínum t.v.

MÚLASTOFA

14 ÞINGMENNSKA OG ÞORSKASTRÍÐ

Haustið 1949 fór Jónas í framboð til Alþingis fyrir Sósíalistaflokkinn á Seyðisfirði. Náði hann kjöri sem uppbótarmaður og tók sæti þingmanns á Alþingi, 26 ára að aldri. Hann sat eitt kjörtímabil á þingi það sinnið, sneri aftur sem varaþingmaður Suður-Þingeyinga 1959 og enn á ný sem þingmaður Alþýðubandalagsins í Vesturlandskjördæmi í þrjú tímabil, 1967-1979.

Jónas var alla tíð ákafur herstöðvarandstæðingur. Hann var talsmaður ævarandi hlutleysis í hernaði og mjög andsnúinn veru Íslands í Atlantshafsbandalaginu. Hann beitti sér einnig gegn stóriðju og aðild erlendra fyrirtækja að íslensku atvinnulífi. Jónas var mjög hlynntur útfærslu íslenskrar fiskveiðilögsögu og ferðaðist m.a. um Bretland til að kynna málstað Íslendinga.

Jónas skilgreindi sig sem „dreifbýlissósíalista“ og sagðist hafa breyst úr „þéttbýlissósíalista“ árin sem hann dvaldi við kennslu á Norðfirði. Landsbyggðarpólitík var honum hugleikin og hann hafði mestu óbeit á kúltúrsnobbi.

Í Jónasi fór saman sterk siðferðiskennd, róttæk þjóðfélagsgagnrýni, einlæg samúð með fátæku alþýðufólki, óbeit á fjármálabraski, aðdáun á því óspillta, einlæga og tilgerðarlausa í fari fólks, ásamt frjóu og sikviku skopskyni sem litaði sterkum litum flest sem frá honum kom. Hann hafði meðfætt ógeð á hvers konar hégómaskap, tilgerð og skrúðmælgi og var lítt hrifinn, þegar hann fann tómahljóð á bak við hátíðleikann.

(Morgunblaðið, 9. apríl 1998.)



Jónas Árnason var í hringiðu atburðanna þegar landhelgin var færð út í 50 mílur í september 1972. Efst er hann í viðtali við Yorkshire Television, þá á þingi Sameinuðu Þjóðanna, hér að ofan með Benedikt Gröndal á tali við fréttamenn og t.v. í Hull þar sem hann ræddi við breska sjómenn, fréttamenn og stjórnmálamenn um málstað Íslands. Neðst: Jónas á Alþingi 1977.

15 KENNSLA

Jónas sneri sér að kennslu árið 1954 og kenndi við Gagnfræðaskólann í Neskaupstað til 1957. Hann kenndi við Flensborgarskólann í Hafnarfirði 1957-58, 1960-64 og 1981-85 og við Gagnfræðaskóla Vesturbæjar í Reykjavík 1958-60. Við Héraðsskólann í Reykholti kenndi Jónas 1964-67, 1980 og 1985-87.

Jónas hafði enga reynslu af kennslu eða menntun til starfans þegar hann tók við starfi kennara í Neskaupstað en hann hafði gott lag á börnum og honum reyndist auðvelt að öðlast virðingu þeirra og fá þau til lags við sig.

Margir geta orðið uppalendur eða einhvers konar tilsjónarmenn með börnum en sumir ná alls engu sambandi við börn. Aðrir kjósa helst hlutverk trúðsins eða að babbla einhverja vitleysu við börn. Mjög fáir geta orðið vinir barna á þann hátt að jafnræði ríki með vinunum. Tepruskapurinn og spéhræðslan, sem svo oft vill fylgja mannfólkinu á þessu kalda landi, verðu þar oftast í vegi.

Jónas gat orðið vinur barns því hann hefur þá einlægni og stærð hjartans til að bera sem gerir honum kleift að sjá barnið sem einstakling, með kostum þess og göllum.

Árni Páll Árnason
Morgunblaðið, 28. maí 1993.





Jónas Árnason „kunni ekkert að kenna" samkvæmt þeim aðferðum sem nú þykja tilhlýðilegar. Hann kunni hins vegar betur en flestir aðrir að leggja sig allan fram og þegar upp er staðið er það ef til vill lykillinn að farsælu kennarastarfi.

Hjalti Þórisson
Kristján Jóhann Jónsson

Morgunblaðið, 23. apríl 1998.


Efst og neðst: Jónas Árnason í hópi nemenda sinna. Neðri myndin er tekin í Reykjavík 1959.
Hér að ofan: Jónas bregður á leik með skólapiltum á Norðfirði.



16 RITSTÖRF BRÆÐRANNA


Þótt Jón Múli hafi einkum kosið sér tónlistina að viðfangsefni – og svo auðvitað útvarpið – var hann ekki síður ritfær en Jónas bróðir hans, sem hafði skriftirnar að aðalstarfi lengst af, ásamt með þingmennsku og kennslu.

Báðir sendu þeir frá sér bækur, um sjálfa sig og aðra, barnabækur, viðtalsbækur, söngtexta, djassfræði og margt fleira. Þeir voru í þessu sem öðru fjölhæfir og snjallir.




Jón Múli sendi frá sér þessar bækur:

Djass (Reykjavík 1985)
Þjóðsögur Jóns Múla Árnasonar
(Mál og menning, Reykjavík 1996)
Þjóðsögur Jóns Múla Árnasonar II
(Mál og menning, Reykjavík 1998)
Þjóðsögur Jóns Múla Árnasonar III
(Mál og menning, Reykjavík 2000)



Jónas sendi frá sér þessar bækur:

Nokkrar minningar frá Bandaríkjunum /1949
Senjór Pelíkan og félagar hans /1953
Fólk: þættir og sögur /1954
Sjór og menn /1956
Veturnóttakyrrur /1957
Fuglinn sigursæli,
barnabók m teikningum /1957
Marsilie /1960
Tekið í blökkina: endurminningar Jóngeirs Davíðssonar Eyrbekk /1961
Syndin er lævís og lipur: stríðsminningar Jóns Kristófers /1962
Sprengjan og pyngjan: greinar og ræður /1962
Undir Fönn: frásagnir Ragnhildar Jónasdóttur um dýr og menn með lítilsháttar ívafi frá öðrum /1963
Fólk: þættir og sögur /1969
Tuttugu og fimm aurar /1983
Fleira fólk /1984
Til söngs: vísur og kvæði við þjóðlög ásamt tilheyrandi nótum /1986
Meira til söngs: kvæði við lög eftir Jón Múla Árnason ... /1988
Góð bók og gagnleg fyrir suma: þ. á m. sósíalista, kvennalistakonur, vinstri framsóknarmenn 1989
Á landinu bláa: afmælisbók: smásögur og þættir: úrval /1993
Jónasarlimrur: hundrað og fjörutíu limrur /1994
Einu sinni á ágústkvöldi: söngvar /1994
Bíddu nú hægur, lagsmaður [frásögn af Guðmundi Árnasyni] /1999





17 PÓLITÍK OG LÍFSSKOÐUN

Það dylst engum sem kynnir sér sögu þeirra bræðra, eða þekkti þá af eigin raun, að þessir penu betriborgarasynir - annar menntaður í Bandaríkjunum og hinn upptendraður af bandarískri músík - voru róttækir vinstrimenn, sósíalistar – kommar– eins og það heitir upp á góða íslensku. Þeir fóru aldrei dult með þá sannfæringu sína, voru samkvæmir sjálfum sér og staðfastir prinsippmenn í þessu sem öðru.

Báðir létu sér kjör alþýðufólks varða og báru ríka réttlætiskennd í brjósti. Jónas var blaðamaður á Þjóðviljanum um árabil og sat á þingi fyrir bæði Sósíalistaflokk og Alþýðubandalag, og varla var haldin sú skemmtun eða samkoma á vegum vinstrimanna í Reykjavík að Jón Múli væri þar ekki kynnir, söngvari eða í einhverju öðru hlutverki.


Leiksviðsverk þeirra voru heldur ekki skemmtunin ein, þar örlaði ávallt á ádeilu og háði á það sem þeim fannst fáránlegt og þar var gert óspart grín að skoplegum háttum borgaranna og fégráðugum kaupahéðnum.

En sannfæringin getur kostað sitt, og það fékk Jón Múli að reyna sem ungur maður. Þegar Alþingi samþykkti inngöngu Íslands í NATO 30. mars 1949 brutust út mikil átök við Alþingishúsið. Jón Múli var í hópi andstæðinga inngöngunnar sem tókust á við lögreglu og varalið sem var skipað menntaskólanemum og heimdellingum að sögn Þjóðviljans. Hafði lið þetta verið búið undir átök og fengið kylfur að vopni.

Eftirmál urðu þau að Jón Múli Árnason hlaut sex mánaða fangelsisdóm og var auk þess sviptur kosningarétti og kjörgengi bæði til kosninga og almennra starfa í umdeildum réttarhöldum sem stóðu í rúm þrjú ár. Dómarnir voru kveðnir upp í Hæstarétti 12. maí 1952 og alls voru tuttugu menn sakfelldir en níu dómanna voru skilorðsbundnir.

Jón Múli haggaðist hins vegar aldrei í sannfæringu sinni og var sannur kommúnisti – af fínustu sort – allt til hinsta dags.





Ljósmynd ofar: Jónas Árnason steytir hnefann á mótmælafundi í Austurbæjarbíói, gegn stríðinu í Viet Nam.
Neðri mynd: Jón Múli ávarpar mannskapinn í Moskvu. Umfjöllun Þjóðviljans um dóm yfir Jóni Múla og fleirum.

MÚLASTOFA

18 EINSTÖK SAMVINNA

Jón Múli og Jónas Árnasynir áttu með sér einstaklega frjótt samstarf á tíu ára tímabili er þeir sömdu einhverja vinsælustu söng- og gamanleiki sem hér hafa komið fram. Samvinna þeirra að leikritagerð hófst árið 1954. Þá frumflutti Ríkisútvarpið skömmu fyrir jól gamansöngleik þeirra, *Delerium Búbónis*. Báðir voru bræðurnir skrifaðir fyrir textanum, Jón Múli hafði að sjálfsögðu samið lögin, Jónas söngtextana.

Á þessum árum var Ríkisútvarpið öflugur leikmiðill og vakti leikurinn mikla athygli og var fljótlega endurfluttur. Leikstjóri var Einar Pálsson sem um þessar mundir var einn helsti leikstjóri Leikfélags Reykjavíkur og átti sem leikstjóri heiður að ýmsum vinsælustu gamanleikjum félagsins.

Ekki leið á löngu þar til *Delerium Búbónis* var komið á fjalirnar í Iðnó, og þaðan hélt það í mikla frægðarför um leiksvið landsmanna næstu áratugina.

Önnur verk fylgdu á eftir og hafinn var einstakur höfundaferill þessara gamansömu og hæfileikaríku bræðra.









Að ofan: Bræðurnir stinga saman nefjum. Að neðan: Baksviðs í Þjóðleikhúsinu á sýningu á *Delerium Búbónis* 1968. Frá vinstri Bessi Bjarnason, Gunnar Eyjólfsson, Baldvin Halldórsson og Jón Múli standandi, þá Jónas Árnason og Róbert Arnfinnsson.



Jónas Árnason, Lárus Pálsson, leikstjóri, og Jón Múli á sviðinu í Iðnó við undirbúning frumuppfærslunnar á *Delerium Búbónis* í ársbyrjun 1959.

MÚLASTOFA
Lif og list Jóns Múla og Jónasar Árnasona

19 DELERÍUM BÚBÓNIS 1959

Viðbrögð fólks við útvarpsleiknum „Delerium Búbónis“ urðu til þess að þeir bræður afréðu að vinna leikinn áfram til flutnings á leiksviði. Var hann fluttur í mjög endurskoðaðri gerð af Leikfélagi Reykjavíkur í Iðnó í upphafi árs 1959 undir stjórn Lárusar Pálssonar. Sú sýning hlaut einnig afbragðsundirtektir og var sýnd alls 45 sinnum, sem taldist mjög gott á þeim tíma.

Erik Bidsted, ballettmeistari Þjóðleikhússins, var kvaddur til að vinna söngatriðin með leikendum og fékk mikið hrós fyrir hjá gagnrýnendum. Delerium Búbónis varð eitt vinsælasta leikrit landsins og á síðari árum sett víða upp af áhugamönnum, eins og raunin varð um fleiri leiki þeirra bræðra. Á svið Þjóðleikhússins ratаði það árið 1968 undir leikstjórn Benedikts Árnasonar og fékk þá einnig ágæta aðsókn.





Myndir úr frumuppfærslu *Delerium Búbónis* í Iðnó 1959. Að ofan: Steindór Hjörleifsson, Sigríður Hagalín og Kristín Anna Þórarinsdóttir. Brynjólfur Jóhnnesson hylur andlit sitt. T.v.: Brynjólfur, Anna Kristín og Karl Sigurðsson.



Myndir úr uppfærslu *Delerium Búbónis* í Þjóðleikhússins 1968. T.h.: Bessi Bjarnason, Þórhallur Sigurðsson og fleiri í glepskap. Að neðan: Hópmynd: Flestir helstu leikarar Þjóðleikhússins tóku þátt í sýningunni. Í sófanum eru m.a. Þóra Friðriksdóttir, Nína Sveinsdóttir og Flosi Ólafsson ásamt flokki fríðra dansmeyja.





Karl Sigurðsson sem jafnvægismálaráðherrann og Brynjólfur Jóhannesson sem Ægir Ó. Ægis syngja Söng jólasveinanna í frumuppfærslu Leikfélags Reykjavíkur á *Delerium Búbónis* í Iðnó 1959. „Úti er alltaf að snjóa...“

MÚLASTOFA
Lilt og Líst Jóns Hilla og Jónasar Árnasona

20 RJÚKANDI RÁÐ 1959

Það var mikill gangur á þeim bræðrum næstu ár, enda sjálfsagt að fylgja eftir svo góðum sigri. Næsti söngleikur þeirra, „Rjúkandi ráð", var sýndur í Framsóknarhúsinu haustið 1959, en svo nefndist um þær mundir hús það, sem stendur sunnan við Fríkirkjuna. Þar var síðar skemmtistaðurinn Glaumbær, en nú er þar Listasafn Íslands.


Ekki vildu bræðurnir gangast opinberlega við afkvæminu, en nefndu sig Pír Ó. Man og undir því dulnefni var einnig Stefán Jónsson fréttamaður hjá Ríkisútvarpinu. Ekki er ólíklegt að leikstjórinn, Flosi Ólafsson, hafi lagt stykkinu sitthvað gott til.



Að ofan: Allir aðalhöfundar og upprunalegir aðstandendur *Rjúkandi ráðs* 1959 saman á leiksviðinu á ný að lokinni frumsýningu á verkinu í Logalandi í Reykholtsdal mörgum áratugum síðar. Frá vinstri: Jón Múli, Stefán Jónsson, Jónas og Flosi Ólafsson, leikstjóri.

Eitt mesta ævintýri lífs míns var „Rjúkandi ráð" eftir Pír. Ó. Man en það var söngleikur eftir þá félaga sem ég færði á fjalirnar í frystihúsinu Herðubreið sem breytt hafði verið í „Framsóknarhús." Framsóknarmönnum sjötta áratugarins uxu í augum vinsældir dansfélagsins Heimdallar sem hafði Sjálfstæðishúsið til umráða og forusta Framsóknarflokksins fór þess á leit við mig að ég rifi Framsóknarhúsið upp. Ég sagði að samvisku minnar vegna gæti ég það ekki vegna þess að ég væri kommi. Þá báru þeir á mig fé svo ég varð Framsóknarmaður sem snöggvast og kallaði þrjá komma til liðs við mig – Jón, Jónas og Stefán. Síðan hófust æfingar á „Rjúkandi ráði," raunar áður en byrjað var að skrifa söngleikinn. Þremur vikum síðar var stykkið frumsýnt og sló svo rækilega í gegn að hin heilaga þrenning – Pír. Ó. Man – vissi um tíma ekki aura sinna tal, sem var mikið nýnæmi fyrir Jón, Jónas og Stefán sem voru síbarmandi sér út af blankheitum – sögðu mér raunar síðar að vegna þessarar uppákomu hefðu þeir í einasta skipti á ævinni eignast fyrir salti í grautinn.

Flosi Ólafsson



„Nýtt leikhús"
SÖNGLEIKURINN
Rjúkandi ráð
Texti: Pír O. Man
Tónlist: Jón M. Árnason.
Leikstjóri: Flosi Ólafsson.
Sýning þriðjudag kl. 8.30.
FYRSTA FRUMSÝNING í Framsóknarhúsinu sunnudaginn 4. okt. kl. 8.30 e.h. Sýning þriðjudag kl. 8.30. Miðasala í Framsóknarhúsinu frá kl. 4—8. Pantanir í síma 22643.
„Nýtt Leikhús".

Að neðan: Flosi Ólafsson og Jónas Árnason bregða á leik í útvarpsviðtali í tilefni af einhverri uppfærslunni. Það er stutt í grínið.



Meðal leikenda í *Rjúkandi ráði* voru Kristinn Hallsson, Erlingur Gíslason, Steinunn Bjarnadóttir og Flosi Ólafsson, sem lék forstjóra alheimsfegurðarráðsins, auk þess að leikstýra sýningunni, en einnig komu fram 2 lögregluþjónar og fjórar þokkadísir. Það var „Nýtt leikhús" sem stóð að sýningunni.

MÚLASTOFA
líf og list Jóns Múla og Jónasar Árnasona

21 ALLRA MEINA BÓT 1961

Vorið 1961 sýndi Sumarleikhús Gísla Halldórssonar næsta verk þeirra bræðra, *Allra meina bót*, og nefndist höfundur í það sinn Patrekur og Páll. Var leikurinn frumsýndur í Austurbæjarbíói, en tekinn upp í Iðnó um haustið þar sem hann lifði þó fremur stutt. Meðal laga, sem vinsæl urðu úr leiknum, má nefna *Augun þín blá* og *Gettu hver hún er*.

Um samvinnu þeirra bræðra við söngleikjaskrif segir Jónas: „Leiktextinn, díalóginn, var sameiginlegt verk okkar Jóns, og það getur meira en verið að allt það skásta þar – það eina brúklega – sé frá honum komið eins og hann hefur stundum gefið glottandi í skyn í áheyrn minni. En þegar kom að söngvunum var ströng verkaskipting. Hann samdi músíkina og ég setti texta við lögin.

Og það er ekki alltaf tekið út með sældinni að banga hendingar við lög eftir Jón Múla. Hann hefur sem lagasmiður mótast af tónlist þjóða sem eru ekki beinlínis náskyldar okkur. Þar gildir íslensk bragfræði ekki alltaf. Þegar hann er að semja lög er hann undir miklum áhrifum frá svarta kynstofninum, samanber þekkingu hans á jassmúsík, og þetta veldur því að lögin eru sjaldnast þannig, hvað hrynjandi varðar, að venjulegir íslenskir bragarhættir passi við.


(Rúnar Ármann Arthúrsson - Jónas Árnason: Viðtalsbók).







Leikfélagið Grímnir á Stykkishólmi sýnir leikritið „Allra meina bót" 1968 í samkomuhúsinu á Stykkishólmi.
















Lög Jóns Múla eru meðal þess sem lifir með þjóðinni. Fyrir „Allra meina bót" samdi hann sjö lög, þ. á m. *Augun þín blá, Gettu hver hún er* og *Það sem ekki má*. Hér eru auglýsingar, nótur og samningur um sýningarrétt á verkinu.

Vorið 1965 bættist fjórði gamansöngleikurinn við, *Járnhausinn*, sem frumsýndur var í Þjóðleikhúsinu á fimmtánda afmælisdegi þess, og hlaut frábærar viðtökur. Leikurinn var sýndur fyrir fullu húsi þá um vorið, tekinn upp um haustið og urðu sýningar alls 55 en áhorfendur um 27.000. Leikstjóri var Baldvin Halldórsson, en dans- og söngatriðin voru í höndum Danans Sven Åge Larsen, sem hafði áður sett hér upp óperettur og söngleiki með glæsilegum árangri; frægust þeirra sýninga var *My Fair Lady*.

Allir helstu leikarar Þjóðleikhússins tóku þátt í sýningunni og að auki fór Ómar Ragnarsson með stórt hlutverk, en hann söng *Aukavinnusöng* sem sló í gegn.

Samvinnu Jóns Múla og Jónasar í leikritagerð lauk með *Járnhausnum*. Á næstu árum sneri Jónas sér þó í auknum mæli að leikritagerð og varð eitt afkastamesta leikskáld þjóðarinnar.





Að ofan: Í lok frumsýningar á Járnhausnum í Þjóðleikhúsinu 20. apríl 1965. Talið frá vinstri: Jónas Árnason, Flosi Ólafsson og Jón Múli Árnason, Gunnar Bjarnason leikmyndateiknari, Magnús Ingimarsson hljómsveitarstjóri, Baldvin Halldórsson leikstjóri, einnig leikararnir Valur Gíslason, Rúrik Haraldsson. Róbert Arnfinnsson, Bessi Bjarnason og margir fleiri. Til hægri: Valur Gíslason, Róbert Arnfinnsson og Bessi Bjarnason ásamt „járnhausnum" sem allt snýst um. Að neðan: Sviðsmynd úr *Járnhausnum*, síldarstúlkur og sjóarar stíga dans.




MORGUNBLAÐIÐ

Þjóðleikhúsið:

Járnhausinn

Höfundar: Jónas og Jón Múli Árnasynir

Leikstjórar: Baldvin Halldórsson og Sven Åge Larsen

23 LÖG JÓNS MÚLA


Hér er yfirlit yfir lagasmíðar Jóns Múla Árnasonar. Alls eru 44 lög skráð undir nafni hans í skrám STEFs og RÚV, þar af 33 samin fyrir leikritin og 11 önnur verk. Lana Kolbrún Eddudóttir, dagskrárstarfsmaður, tók skrána saman. Upplýsingarnar eru sóttar í tónverkaskráningu hjá STEFi og spjaldskrá Ríkisútvarpsins. Lögin eru í stafrófsröð og táknið * þýðir að um sé að ræða annan texta eða annað heiti á sama lagi.



Bessi Bjarnason í góðum félagsskap í Delerium búbónis 1968.

Önnur lög Jóns Múla: (11 lög)

Að andinn sé ekki eilífur
Texti: Jón Múli Árnason
Barbídúkkan
Úr óklárúðum bræðra-söngleik.
Dánarfregnir og jarðarfarir
Instrumental stef fyrir Ríkisútvarpið
Drottins dýrðar koppalogn
Úr samnefndu leikriti Jónasar Árnasonar
H-lagið
Texti: Kristján frá Djúpal
Samið er hægri umferð var tekin upp 26.5.1968
Litla stúlkan
Texti: Jón Múli Árnason
Með rauðan skúf í peysu
Við Vísur Vatnsenda-Rósu
Sama lag og „Stúlkan mín"
Sumarást
Við ljóð Guðmundar Jónssonar óperusöngvara
Tempó Prímó
Instrumental
Það vaxa blóm á þakinu
Texti: Jónas Árnason, samdi upp úr „Höll sumarlandsins" eftir Halldór Laxness
Þrettándabragur



Lögin úr „Delerium búbónis" (10 lög)

Frumflutt í Ríkisútvarpinu rétt fyrir jólin 1954 og síðar frumsýnd talsvert breytt í Iðnó 21. janúar 1959. Sýnd í Þjóðleikhúsinu 26. desember 1968 og síðar um allt land.

Allt á okkar valdi
Aría djáknans á Myrká
* Ást var alltaf að vaxa
* Húrra fyrir mér og þér
* Sálubliðstangóinn (úr Kirkjugarðsballettinum)
* Söngur jólasveinanna
* Úti er alltaf að snjóa
Ágústkvöld
* Einu sinni á ágústkvöldi
Ástardúett (úr Delerium Búbónis)
* Heiðursstúlka heitir Gunna
Brestir og brak
Forleikur (að Delerium Búbónis)
Kátt er um jólin
* Lokasöngur (úr Delerium Búbónis)
* Því lægra sem númerið er
* Því nær sem núllinu númer þitt er
Ljúflingshóll
Sérlegur sendiherra
Vikivaki – „instrumental"



Lögin úr leikritunum:

Lögin úr „Rjúkandi ráði" (6 lög)

Frumsýnt í Framsóknarhúsinu við Tjörnina 4. október 1959.


Ástardúett (úr Rjúkandi ráði)
* Í hjarta þér
* Tugthúsarían
Eins og skot
* Eins og vera ber
* Lögreglumars (úr Rjúkandi ráði)
Fegurðardansar
* Fegurðardísadans - instrumental
* Fröken Reykjavík
* Intermezzo meditation (Millipáttahugleiðing)
* Í járnum
Finale (úr Rjúkandi ráði)
* Húsnæðisdúett
* Lokasöngur (úr Rjúkandi ráði)
* Rjúkandi ráð
Forleikur (að Rjúkandi ráði)
Kavatína Kristínar gömlu
* Prologus



Lögin úr „Allra meina bót" (7 lög)

Frumsýnt 24. mars 1961 í Austurbæjarbíói af Sumarleikhúsi Gísla Halldórssonar og í Iðnó 15. október 1961 af Leikfélagi Reykjavíkur.

Augun þín blá
Ástardúett (úr Allra meina bót)
* Gettu hver hún er
Elegía Andrésar oftskorna
* Raunaljóð (Raunir Stórólfs)
* Saknaðarljóð
Forleikur (að Allra meina bót)
Leynilögreglusöngur
Lofsöngur lækna og sjúklinga
* Lokasöngur (úr Allra meina bót)
Það sem ekki má




Efst: Jón Múli á sjó, enda kunni hann mæta vel að semja sjóaralög þegar þess þurfti. Neðst: Lagasmiðurinn kannar sögusviðið um það leyti sem *Járnhausinn* var í smíðum.

Lögin úr „Járnhausnum" (10)

Söngleikurinn var frumsýndur á 15 ára afmæli Þjóðleikhússins 20. apríl 1965.

Aukavinnusöngur
* Við heimtum aukavinnu
Án þín
* Með þér
Forðum tíð
* Hvalvíkursöngur
Forleikur (að Járnhausnum)
Hvað er að?
Lokasöngur (úr Járnhausnum)
* Sólvíkursöngur
Lögreglumars (úr Járnhausnum)
Sjómenn íslenskir erum við
Stúlkan mín (er mætust)
Undir Stórasteini



MÚLASTOFA
Líf og list Jóns Múla og Jónasar Árnasona

24 LEIKRITUN JÓNASAR


Eftir að samstarfi bræðranna lauk var Jónas kvaddur til að þýða leikrit Brendans Behans, *Gísl*, sem Þjóðleikhúsið sýndi árið 1963 og þótti sú þýðing takast vel, ekki síst söngtextarnir sem urðu sumir afar vinsælir, t.d. *Ég skal gefa þér kökusnúð*, ástarljóð Teresu og breska hermannsins.

Þá þýddi Jónas *Lukkuriddarann*, söngleiksgerð á frægu leikrit Írans J.M. Synge, *A Playboy of the Western World*, sem Þjóðleikhúsið sýndi árið 1966.

Þó að bæði *Járnhausinn* og *Delerium Búbónis* gengju vel í Þjóðleikhúsinu, varð Iðnó aðalleiksvið Jónasar Árnasonar. Þar voru einþáttungar hans, *Táp og fjör* og *Drottins dýrðar koppalogn*, frumsýndir árið 1967 og áttu góðu gengi að fagna, en alls sáu 10.000 áhorfendur þá sýningu. Sigurgangan hélt áfram með *Þið munið hann Jörund*, sem Jón Sigurbjörnsson leikstýrði, en metið slógu þó *Skjaldhamrar*.

Skjaldhamrar var frumsýnt í haustbyrjun 1975, einnig undir stjórn Jóns Sigurbjörnssonar, gekk í alls þrjú leikár og höfðu þá um 40.000 áhorfendur séð sýninguna.

Næsta leikrit Jónasar, *Valmúinn springur út á nóttunni*, var frumsýnt vorið 1978, en hlaut daufar undirtektir bæði gagnrýnenda og áhorfenda. Svipaða sögu er að segja af leikritinu *Hallelúja* sem Leikfélag Húsavíkur frumsýndi árið 1980; það fékk ekki heldur byr í seglin. Síðasta leikrit Jónasar *Kvásarvalsinn* var sýnt af L.R. undir stjórn Ingu Bjarnason á stóra sviði Borgarleikhússins árið 1996.




Að ofan: Jónas Árnason á milli „leikhúsa" eins og hann orðaði það í gamni, Alþingishússins og Iðnó, um það leyti sem „Jörundur" var í undirbúningi. Að neðan: Jónas tekur lagið með félögum í Litla leikklúbbnum á Ísafirði.




Að neðan: Þorsteinn Gunnarsson, Helga Bachmann og Hjalti Rögnvaldsson í *Skjaldhömrum* í Iðnó 1975.



Að ofan: Jón Sigurbjörnsson, Brynjólfur Jóhannesson, Guðmundur Pálsson o.fl. í *Drottins dýrðar koppalogn* og fyrir neðan eru Steindór Hjörleifsson, Borgar Garðarsson og Guðmundur Pálsson (hangandi) í *Táp og fjör*, en þessir tveir einþáttungar voru sýndir saman í Iðnó 1967.







MÚLASTOFA
Líf og list Jóns Múla og Jónasar Árnasona


JÖRUNDUR OG ÞJÓÐLÖGIN

Kynni Jónasar af írskum ljóðasöng áttu ugglaust sinn þátt í því að hann ákvað að nýta sér írska, enska og skoska þjóðlagatónlist við gerð söngleiksins um Jörund hundadagakóng, *Þið munið hann Jörund,* sem L.R. frumsýndi snemma árs 1970. Gekk leikurinn 45 sinnum þá um veturinn og var einnig sýndur á næsta leikári. Alls urðu sýningar nær 100 og sáu leikinn um 10.000 manns. Leikurinn hlaut einnig góðar undirtektir á Akureyri þar sem hann var sýndur síðar sama vor, og svo víðar.

Í sýningu L.R. gegndi söngtríó stóru hlutverki, en það varð brátt – með dálitlum mannabreytingum – landsfrægt undir heitinu Þrjú á palli. Ekki gátu Þrjú á palli sér síst gott orð fyrir snjallan flutning á söngtextum Jónasar, gömlum og nýjum.







Til hægri: Texti Jónasar *Lóukvæði* eða *Hún söng dirrindí...*

Efst: Sviðsmynd úr *Þið munið hann Jörund* í lðnó 1970.





Hér að ofan t.v.: *Söngtríóið Þrjú á palli* varð til við uppsetningu Jörundar, þau sungu á palli í hornunu í lðnó og störfuðu saman í nokkur ár eftir að sýningum lauk. Hér eru Helgi R. Einarsson, Edda Þórarinsdóttir og Troels Bendtsen.

Jónas Árnason og *Þrjú á palli* í sjónvarpssal. Halldór Kristinsson hefur tekið við af Helga R. Einarssyni og Ríkharður Örn Pálsson leikur á bassann.

KVIKSTOFA

MYNDASYRPA



Þessi teikning eftir Halldór Pétursson birtist í Morgunblaðinu 8. nóvember 1975, eftir að ritdómfundarnir Gunnar Gunnarsson og Halldór Laxness, Jónas Árnason og Matthías Johannessen höfðu „rætt" um manneyðingamál í spjótvarpsþættinum „Utan úr heimi." Þremur dögum síðar.





Á tertunni stendur *Delerium Búbónis*, svo líklega er myndin tekin í frumsýningarveislu. Gervið bendir til þess að Jónas hafi tekið þátt í leiknum.





Efst: Jónas lætur að sér kveða í söngnum með *þremur á palli* 1968. Hér að ofan: Múlabræður með Karli Sighvatssyni sem útsetti lögin í bókina *Meira til söngs*, en þar voru textar Jónasar og mörg af lögum Jóns Múla.



Jón Múli á götu í Moskvu 1. maí 1957, en hann var í menningarsendinefnd frá Íslandi.







Efst: Bræður og samstarfsmenn á góðri stund. Í miðið: Jónas stjórnar brekkusöng í einhverju vinstrimannaferðalagi, og dregur ekkert af sér. Neðst: Þeir bræður taka lagið í hópi Vísnavina.